



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Þrjár menntastofnanir, ein félagsmiðstöð og grunnskólakennari eru handhafar Íslensku menntaverðlaunanna 2023, en tilkynnt var um úrslit þeirra í dag, miðvikudaginn 8. nóvember. Markmið verðlaunanna er sem fyrr að vekja athygli á og hefja til vegs í samfélaginu það metnaðarfulla og vandaða starf sem unnið er með börnum og ungmennum á öllum skólastigum.

Verðlaunin eru veitt í fimm flokkum og bárust fjölmargar tilnefningar um verðuga verðlaunahafa um allt land. Viðurkenningaráð valdi úr þeim og kynnti niðurstöðu sínar á alþjóðadegi kennara þann 5. október. Úrslitin voru síðan gerð opinber í kvöld með sjónvarpsútsendingu á RÚV frá veitingu verðlaunanna sem fram fór við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Handhafar Íslensku menntaverðlaunanna 2023:

**Verðlaun fyrir framúrskarandi skólastarf** eða menntaumbætur hlýtur Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ fyrir þróun verkefnamiðaðra kennsluhátta og leiðsagnarnáms. Skólinn hefur verið í fararbroddi á þessu sviði en þar er lögð áhersla á að virkja nemendur til þátttöku og koma til móts við þarfir þeirra með fjölbreyttum og skapandi aðferðum.

- *Tengiliður: Valgarð Már Jakobsson, settur skólameistari, s. 412 8500*

**Verðlaun fyrir framúrskarandi kennslu** hlýtur Fiona Elizabeth Oliver, kennari við Víkurskóla í Reykjavík. Víkurskóli er nýsköpunarskóli og Fiona hefur tekið virkan þátt í þróun skólans og verið verkefnastjóri um innleiðingu og þróun leiðsagnarnáms, en námsmat er eitt af helstu áhugasviðum hennar.

- *Tengiliður: Fiona Elizabeth Oliver grunnskólakennari, s. 895 5309*

**Verðlaun fyrir framúrskarandi þróunarverkefni** koma í fyrsta sinn í hlut félagsmiðstöðvar. Zelsíus í Árborg hefur, í samstarfi við velferðarþjónustu sveitarfélagsins, lyft grettistaki við að rjúfa félagslega einangrun barna og unglinga. Verkefnið sýnir mikilvægi þverfaglegs samstarfs til að koma til móts við börn eins snemma og unnt er.

- *Tengiliður: Gunnar E. Sigurbjörnsson, deildarstjóri frístundaþjónustu hjá Árborg, s. 820 4567*

**Verðlaun fyrir framúrskarandi iðn- eða verkmenntun** hlýtur málarabraut Tækniskólans fyrir þróun einstaklingsmiðaðs náms í málaraiðn. Brautinni hefur á undanförunum árum verið umbylt með þeim hætti að nemendur geta nú tekið námið á eigin hraða, með hliðsjón af hæfniviðmiðum. Kennarar brautarinnar hafa unnið þrekvirki við að semja ítarlegar verkefnalýsingar, kennslumyndbönd og annað efni til stuðnings. Fyrir vikið getur námið farið fram hvar sem er og nemendum á landsbyggðinni er þannig gert kleift að stunda málaránám úr heimabyggð.

- *Tengiliður: Engilbert Valgarðsson kennari s. 896 3753*

**Hvatningarverðlaun Íslensku menntaverðlaunanna 2023** hlýtur Jafnréttisskóli Reykjavíkur fyrir ómetanlegt starf við að miðla þekkingu til starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. Skólinn veitir ráðgjöf og stuðning varðandi ýmis málefni sem varða jafnréttismenntun, mannréttindi og kynheilbrigði. Starfið nýtist ekki aðeins börnum í höfuðborginni heldur kennurum og öðrum uppalendum óháð búsetu með aðgangi að rafrænni verkfærakistu sem skólinn hefur byggt upp. Jafnréttisskólinn var stofnaður árið 2013 og á því tíu ára afmæli í ár.

- *Tengiliður: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verkefnastýra, s. 6950890*

Að Íslensku menntaverðlaunum standa embætti forseta Íslands, mennta- og barnamálaráðuneyti, innviðaráðuneytið, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag forstöðumanna skólaskrifstofa, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Menntamálastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök áhugafólks um skólaþróun, Samtök iðnaðarins og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar um hin tilnefndu verkefni má finna á vefsíðu verðlaunanna: <https://skolathroun.is/menntaverdlaun/>

8. nóvember 2023

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Ingvar Sigurgeirsson, verkefnastjóri Íslensku menntaverðlaunanna (896 3829).*